

**REGLUGERÐ**  
**um breytingu á reglugerð nr. 774, 8. nóvember 2002,**  
**um bann við síldveiðum við Suðausturland.**

## 1. gr.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo: Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt frá og með 16. september 2003, að stunda síldveiðar á svæði er markast af línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 64° 33' N - 12° 28' V
2. 64° 18' N - 12° 28' V
3. 64° 11' N - 13° 28' V
4. 64° 24' N - 14° 32' V
5. 64° 33' N - 14° 25' V

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. september 2003.*

F. h. r.  
**Jón B. Jónasson.**

---

*Guðríður M. Kristjánsdóttir.*